

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

FF13 - 2018 tillaga stjórnar að styrkþegum ásamt rökstuðningi fyrir úthlutun

Áhugamannafélög

1. Ferðamálafélagið Súðavíkurhreppi - Valagil - Waterfall Valley.

Kr. 1.000.000.- styrkur til að útbúa göngustíg og brýr í Seljalandsdal, Álftafirði. *Seljalandsdalur er gróðursæll dalur með fallegum fossum sem fáir vita af þótt hann sé á náttúruminjaskrá. Verkefnið felst í að auka aðgengi að svæðinu og er því líklegt til að fá ferðamenn til að stoppa lengur og uppgötva náttúrulegt aðdráttarafl svæðisins svo úr verði nýr áfangastaður.*

2. Félag um listasafn Samúels - Hús Samúels.

Kr. 2.000.000.- styrkur til að ljúka endurbyggingu á húsi Samúels, m.a. til að hægt verði að taka á móti ferðamönnum. *Listasafn Samúels í Selárdal er óvenjulegur staður með mikið aðdráttarafl þar sem blandast saman naivismi listamannsins og ægifögur náttúra. Uppbygging og viðhald listasafnsins þar sem unnt verður að taka á móti gestum er til þess fallið að auka á aðdráttarafl staðarins á Vestfjörðum og lengja ferðamannatíma.*

3. Fuglastígur á Norðausturlandi - Bygging þriggja fuglaskoðunarskýla og hönnun skýlis til selaskoðunar.

Kr. 15.039.600.- styrkur til að byggja þrjú fuglaskoðunarskýli og hönnun skýlis til selaskoðunar. *Verkefnið sameinar góða hönnun og náttúruvæna afbreytingu sem byggir á sérstöðu Norðausturlands sem fjölbreytilegasta fuglaskoðunarhérað landsins að öðrum ólöstuðum. Verkefnið er til þess fallið að auka ferðamennsku á veikum svæði og á veikri árstíð.*

4. Hestamannfélagið Skuggi - Áningarhólf í Stangarholti við Langá.

Kr. 500.000.- styrkur til að endurbyggja áningarhólf fyrir hestamenn á leið um Borgarfjörð frá Hvítá út á Snæfellsnes (Löngufjörur). *Látlaust innviðaverkefni sem leysir mikilvægan öryggisvanda fyrir menn og skepnur.*

5. Hollvínafélag Geirstaðakirkju - Endurbætur á Geirstaðakirkju.

Kr. 839.000.- styrkur að laga skemmdir sem orðið hafa á norðurvegg kirkjunnar og koma í veg fyrir að norðurþekja hennar falli inn ásamt veggnum. Rífa þarf torfið í burtu, endurhlaða norðurvegg kirkjunnar og rétta af trégrind hússins. Í verkefninu felst einnig að rífa þekjuna af að hluta og setja nýjan hrís og þökur.

Tilgátukirkja á Geirstöðum er einstakt og áhugavert verkefni sem getur dregið að sér ferðamenn á öllum árstíðum á fremur veiku svæði

6. Hollvínafélag Húna II - Landgangur.

Kr. 1.050.000.- styrkur til smíða nýjan landgang sem uppfyllir kröfur um öryggi og aðgengi.

Húni hefur verið mikilvæg viðbót í flóru áhugaverðra ferðamannastaða á Akureyri. Verkefnið mun opna á aukið aðgengi að honum og er þannig til þess fallið að auka aðdráttarafl Akureyrar.

7. Kerlingarfjallavinir - Viðhald og lagfæring gönguleiða í Kerlingarfjöllum.

Kr. 4.518.000.- styrkur til að hanna, smíða og setja upp vegvísa til leiðbeiningar göngufólki á 11 stöðum á Kerlingarfjallasvæðinu og lagfæra og halda við gönguleiðum með því að fylla í niðurgrafnar slóðir með efni.

Kerlingarfjöll eru veðravíti og víða leynast hættur á hverasvæðunum. Verkefnið er því afar mikilvægt til þess að fólk geti fylgt merktum leiðum og stuðlar þannig að náttúruvernd og auknu öryggi ferðamanna.

8. Rafstöðin, félagsamtök - Aðbúnaður ferðafólks og gesta.

Kr. 3.984.000.- styrkur til að gera bílastæði á því útivistarsvæði sem rafstöðin stendur með upplýsingaskilti, göngustíg og hreinlætisaðstöðu.

Áhugavert verkefni sem efla mun aðdráttarafl Bíldudals og sunnanverðra Vestfjarða.

9. Skógræktarfélag Reykjavíkur – Bætt aðgengi að útivistarsvæðum í Esjuhlíðum.

Kr. 9.100.000.- styrkur til að bæta aðgengi ferðamanna og viðbragðsaðila að nýjum skipulögðum útivistarsvæðum á austurhluta Esjuhlíða. Núverandi vegur að svæðinu er ófær fólksbílum. Byggður verður nýr áningarstaður/bílastæði. Ofan við bílastæði verður sett upp aksturshlið sem lokar á umferð annarra en viðbragðsaðila um efri hluta vegar. Sett verða upp upplýsingaskilti á svæðinu sem sýna gönguleiðir og veita upplýsingar um svæðið.

Tímabært náttúruverndar- og öryggisverkefni á mjög fjölförnu svæði þar sem innlendir sem erlendir ferðamenn fara um allan ársins hring.

10. Skógræktarfélag Reykjavíkur - Esjustígur - Göngustígar að Steini.

Kr. 7.060.000.- styrkur til endurbóta á núverandi göngustígum í Esjuhlíðum. Um er að ræða efstu hluta stíga sem liggja vestan og austan við Mógilsá að Þverfellshorni, þ.e. að Steini, sem er vinsæll áningarstaður ferðamanna. Markmið verkefnisins er að auka öryggi, draga úr slysaþættu og bæta aðgengi þeirra sem fara um stígana.

Göngustígur sem er mikið notaður af bæði ferðamönnum og heimamönnum.

Mikilvægt er að ljúka við endurbætur stígsins alla leið upp að Steini svo að öryggi ferðamanna verði betur tryggt.

Fyrirtæki

1. Herðubreið, menningar- og félagsheimili - Almenningsalerni, aðgengi og bílastæði á fjölsóttum ferðamannastað.

Kr. 22.400.000.- styrkurinn felst í almenningsalerni í Herðubreið, bættu aðgengi og bílastæði á fjölsóttum ferðamannastað.

Mikilvægt og vel útfært innviðaverkefni á Seyðisfirði.

2. Húsafell Resort - Gönguleiðanet á Húsafelli: Annar áfangi.

Kr. 7.000.000.- styrkur felur í sér merkingar og bættu aðstöðu við tvær af tíu gönguleiðum á Húsafelli; uppsetningu á tveimur upplýsingaskiltum, skjöldum, vegprestum og stikum. Einnig verður bílastæði bætt og gönguleiðakort uppfært.

Uppbygging heildstæðs gönguleiðanets í nágrenni Húsafells er áhugvert verkefni.

Után þjóðgarða eru fá dæmi um jafn vel útfært og fjölbreytt gönguleiðanet. Verkefnið er til þess fallið að auka á öryggi ferðamanna og bæta innviði.

3. Kakalaskáli ehf. - Lokaáfangi í uppbyggingu Kakalaskála.

Kr. 3.700.000.- styrkur til uppbyggingar Kakalaskála. Um er að ræða hönnun og frágang utandyra, m.a. á bílaplani, við anddyri og bætt aðgengi fyrir fatlaða.

Verkefnið felst í nauðsynlegum innviðum fyrir nýjan og vaxandi ferðamannastað, sem hefur vegna sögunnar og útilistaverka í næsta nágrenni mikið aðdráttarafl.

4. Óbyggðasetur ehf. - Uppbygging sjálfbærrar ferðaþjónustu á köldu og minna sóttu svæði allt árið.

Kr. 21.858.237.- styrkur til að setja upp stjörnuskoðunarhús og heita laug sem opin verður almenningi.

Óbyggðasetrið hefur getið sér gott orð fyrir frumleika, sögu- og staðarvitund.

Verkefnið er til þess fallið að skapa nýja afþreyingu á veiku svæði sem gæti styrkt ferðamennsku sérstaklega á veikri árstímum.

5. Selasetur Íslands - Selaskoðunarstaður á Flatnefsstöðum

Kr. 3.156.750.- styrkur til að byggja upp selaskoðunarstað á Flatnefsstöðum, Vatnsnesi, ásamt gönguleið. Um er að ræða vinnu við deiliskipulag og hönnun á aðkomuvegi, bílastæðum, göngustígum, pöllum o.s.frv.

Vatnsnes hefur nýtt sér sérstöðu sína hvað varðar Selaskoðun. Með því að fjölga selaskoðunarstöðum á Vatnsnesi má dreifa álagi ferðapjónustu á náttúruna. Uppbygging nýs ferðamannastaðar.

6. Þekkingarsetur Vestmannaeyja - Pysjupallur og áningarstaður.

Kr. 4.000.000.- styrkur til að byggja pall sem er öruggur til að sleppa lundapysjum og sem er jafnframt áningarstaður á gönguleiðinni meðfram Hamrinum. Útsýni þaðan er mjög fagurt og mun framkvæmdin einnig bæta aðgengi með bílastæðum og lagfæringu á slóða.

Áhugavert og mikilvægt verkefni hvað varðar öryggi ferðamanna.

7. Þingeyraklausturskirkja - deiliskipulag - aðkoma , bílastæði og stígakerfi

Kr. 2.578.200.- styrkur til að gera deiliskipulag sem nær yfir aðkomu, bílastæði og stígakerfi á kirkjutorfunni við Þingeyrarkirkju og Klausturstofu. Um er að ræða brýnt verkefni sökum aukinnar aðsóknar gesta á þessum merka stað.

Áhugaverður staður sem mikilvægt er að skipuleggja vel.

8. Æðavarp ehf. – Illugastaðir.

Kr. 2.765.000.- styrkur til að útbúa göngustíg að smiðjuskeri Natans í tvær áttir, breikka aðkomu ferðamanna að bílastæði og setja upp þrjú skilti sem leiðbeina ferðamanninum um svæðið.

Á Illugastöðum er einn besti selaskoðunarstaður landsins, en einnig áhugaverðar söguslóðir. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru til þess fallnar að bæta enn frekar aðkomu og aðgengi staðarins.

Landeigandi/landeigendafélög

1. Alda Jónsdóttir - Áningarstaður ferðamanna í Fossárvík – deiliskipulag.

Kr. 4.887.488.- styrkur veittur til að skipuleggja svæðið í heild sinni. Skipulagið á að leiða til betri umgengni sem hlífir viðkvæmri náttúru, aukins öryggis gesta og að gönguleiðir tengi saman áhugaverða staði. Uppbygging sem tekur mið af umhverfi og þörfum gesta.

Fossárvík í Berufirði er orðin að einum fjölsóttasta ferðamannastað við hringveginn, án þess að þar sé nokkur aðstaða að neinu tagi sem hentar ferðamönnum. Landslag er hrikalegt og hættur víða, mosaskemmdir algengar og líklegt að þær aukist að umfangi. Mjög mikilvægt er fyrir staðinn að skipuleggja hann og stýra ferðamönnum.

2. Alda Jónsdóttir - Áningarstaður ferðamanna í Fossárvík - Stígakerfi við Fossá.

Kr. 4.000.000.- styrkur til að gera stígakerfi upp með Fossá, setja upp varúðar- og fræðsluskilti sem myndi stuðla að góðri umgengni sem hlífir viðkvæmri náttúru, bætir aðgengi og öryggi gesta. Lagt er upp með um 3 km stígakerfi austan- og sunnanmengin sem væri síðan hægt að tengja saman með brú yfir Miðásgljúfur. *Fossárvík í Berufirði er orðin að einum fjölsóttasta ferðamannastað við hringveginn, án þess að þar sé nokkur aðstaða að neinu tagi sem hentar ferðamönnum. Landslag er hrikalegt og hættur víða, mosaskemmdir algengar og líklegt að þær aukist að umfangi. Mjög mikilvægt er fyrir staðinn að skipuleggja hann og stýra ferðamönnum. Fossárvík þarf á góðu gönguleiðakerfi að halda, bæði til að vernda náttúru og tryggja öryggi. Lagt er til að styrkur verði veittur til 2 ára þar sem mikilvægt er að ljúka við gerð deiliskipulagsins fyrst. Styrkur verður því veittur þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir. Að öðrum kosti verði verkefnið ekki styrkt, styrkurinn fellur niður án frekari viðvarana og styrkfjárhæðin rennur aftur í sjóðinn til endurúthlutunar.*

3. Alda Jónsdóttir - Áningarstaður ferðamanna í Fossárvík - Brú yfir Fossá við Miðásgljúfur.

Kr. 5.000.000.- styrkur til að að hanna og reisa brú yfir Fossá við Miðásgljúfur sem þolir ágang Fossár í miklum vatnavöxtum. Með tilkomu brúar yfir Fossá við Miðásgljúfur væri kominn góður hringur fyrir styttri gönguferðir um neðri hluta Fossár.

Fossárvík í Berufirði er orðin að einum fjölsóttasta ferðamannastað við hringveginn, án þess að þar sé nokkur aðstaða að neinu tagi sem hentar ferðamönnum. Landslag er hrikalegt og hættur víða, mosaskemmdir algengar og líklegt að þær aukist að umfangi.

Lagt er til að styrkur verði veittur til 2 ára þar sem mikilvægt er að ljúka við gerð deiliskipulagsins fyrst. Styrkur verður því veittur þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir. Að öðrum kosti verður verkefnið ekki styrkt, styrkurinn fellur niður án frekari viðvarana og styrkfjárhæðin rennur aftur í sjóðinn til endurúthlutunar.

4. Brynjar Sigurðsson - Faxi, umhverfi, aðgengi.

Kr. 2.000.000.- styrkur til að byggja upp og bæta umhverfi og aðgengi að fossinum Faxa. Í verkefninu felst að lagfæra og byggja upp stíga, m.a. með ecoraster grindum. Einnig verður neðra bílastæði lagfært og vegurinn niður að því.

Þótt Faxi teljist ekki með stærstu fossum landsins er hann orðinn að mjög fjölsóttum ferðamannastað þar sem tryggja þarf vernd náttúrunnar og öryggi ferðamanna.

5. Efri-Reykir ehf. - Brúarfoss, gönguleið, umhverfi

Kr. 2.600.000.- styrkur til að klára stígagerð að Brúarfossi frá Þjóðvegi. Borið verður efni í stíga og settar ecoraster mottur, þrep sett upp, sáð og grætt upp, drenað vatn frá brú og kaðlar settir upp við fossinn.

Brúarfoss er einn af sjálfsprottnu ferðamannastöðunum sem eru dæmigerðir fyrir breytta ferðahegðun í kjölfar samfélagsmiðla. Því miður veldur þessi breytta hegðun oft töluverðum skemmdum á náttúru á sama tíma og ferðmennirnir setja sig í hættu. Verkefnið er mikilvægt til að snúa við þessari þróun og tryggja vernd náttúru og öryggi ferðamanna.

6. Jökuldalur slf. - Stuðlagil - Uppbygging og bætt öryggi fyrir ferðamenn.

Kr. 8.700.000.- styrkur til að setja upp merkingar, bílastæði, göngustíga og stikur við Stuðlagil og að undirbúa og hanna stíga- og stigakerfi og útsýnispall í gilinu.

Stuðlagil í Jökulsá á Dal er ein af leyndu „perlunum“ sem skyndilega hefur sprungið út fyrir tilstilli samfélagsmiðla. Stórfenglegur ferðamannastaður hefur opnast fyrir tilviljun og kallar á nauðsynlega innviði, sérstaklega þá er snúa að öryggi ferðamanna.

Sveitarfélög

1. Akraneskaupstaður - Vitastígur á Breiðinni.

Kr. 11.120.000.- styrkur til að ljúka við um 150 metra langan stíg frá bílastæði og aðkomutorgi að áningarstaðnum, yst á tanganum. Verkefnið felst í að tryggja aðgengi að áningar- og útivistarsvæði.

Breiðin hefur menningarsögulegt aðdráttarafl, auk nálægðar við sterk náttúruöfl hafs og öldu. Heildarhugmyndin er vel hugsuð og er umræddur áfangi nauðsynlegt skref í átt að því að gera Breiðina að góðum og fjölsóttum ferðamannastað.

2. Blönduós bær – Hrótey, gamla Blöndubrúin frá 1897 gerð að göngubrú.

Kr. 32.000.000.- styrkur til að nota gömlu Blöndubrúna frá 1897 sem göngubrú út í Hrótey og bæta þannig aðgengi að eyjunni og varðveita samtímis elsta samgöngumannvirki á Íslandi. Í þessum 1. áfanga verður brúin sett á sinn stað, gerðir stígar og bílastæði við aðkomu. Hrótey er í eigu Blönduósbæjar og hefur verið samstarf við Skógræktarfélag A-Hún. um opin skóg í eyjunni.

Hrótey er náttúruperla Blönduósbæjar og gæti orðið með bættu aðgengi að vinsælum og áhugaverðum ferðamannastað með endurnýtingu sögulegra mannvirkja.

Verkefnið er einnig til þess fallið að auka öryggi ferðamanna, bæta aðgengi og stuðla að náttúruvernd.

3. Bolungarvíkurkaupstaður - Hönnun útsýnispalls á Bolafjalli.

Kr. 2.800.000.- styrkur til hönnunar útsýnispalls á Bolafjalli.

Bolafjall er einn mikilfenglegasti útsýnisstaður á landinu og hefur þá sérstöðu að þangað liggur vegur. Að sama skapi er staðurinn hættulegur. Pallurinn mun auka öryggi ferðamanna og stuðlað að því að Bolafjall yrði einn af ferðamannaseglunum á Vestfjörðum.

4. Bolungarvíkurkaupstaður - Tjaldsvæði í Skálavík.

Kr. 11.333.500.- styrkur til að koma upp hreinlætisaðstöðu og vatnssalernum í Skálavík, gerð bílastæðis og uppsetningu lokana og skilta til að koma í veg fyrir utanvegaakstur.

Skálavík er fallegur staður með frumstæðu tjaldsvæði. Tími er kominn til að laga og bæta aðstöðu og koma reglu á umferð. Um leið og stuðlað er að auknu öryggi og vernd náttúru er verkefnið til þess fallið að auka aðdráttarafli staðarins.

5. Borgarfjarðarhreppur - Bátahöfnin við Hafnarhólma - bygging þjónustuhúss.

Kr. 76.800.000.- styrkur til uppbyggingar aðstöðuhúss við Hafnarhólma þar sem boðið verður upp á þjónustu við ferðamenn. Salerni og sturtuaðstaða opin almenningi verða í húsinu og á þaki þess verður útsýnispallur, en mikið fuglalíf á svæðinu.

Byggingin mun bæta aðstöðu þeirra til fuglaskoðunar auk þess að skapa frið fyrir fuglalíf með stýringu ferðamanna. Áhersla er lögð á aðgengi fyrir alla. Ferðamannastaðurinn í og við Hafnarhólma hefur mikið aðdráttarafli þökk sé afar aðgengilegri lundabyggð og skynsamlegri uppbyggingu á staðnum. Húsið er til þess fallið að auka enn á þetta aðdráttarafli um leið og það stuðlar að verndun lundabyggðarinnar. Hönnun á húsinu er metnaðarfull og framsækin eins og verkefnið í heild sinni. Sjóðurinn hefur styrkt verkefnið frá upphafi og er um að ræða styrk út sjóðnum til að ljúka verkefninu.

6. Dalvíkurbyggð - Áningarstaður við Hrísatjörn.

Kr. 45.391.400.- styrkur til áframhaldandi uppbyggingar í friðlandi Svarfdæla og til að gera áningarstað við Hrísatjörn. Áningarstaðurinn er ætlaður til að auka aðgengi ferðamanna að þessu fuglaskoðunarsvæði auk þess sem þar verður þrívíddarkort af sveitarfélaginu með helstu kennileitum. Áningarstaðurinn er því ætlaður til verndar á svæðinu, til að bæta aðgengi og til fróðleiks fyrir ferðamenn. Sérstök áhersla er lögð á aðgengi fyrir fatlaða.

Verkefnið tengist náttúruvernd, öryggi og að bæta aðgengi á veiku svæði.

7. Fjarðabyggð - Áfangi II við Söxu.

Kr. 7.268.800.- styrkur til að ljúka framkvæmdum á áningarstað og stígum samkvæmt hönnun og deiliskipulagi við sjávarhverinn Söxu. Í þessum áfanga felst vinna við hellulagningu og frágang bílastæðis, uppbyggingu stígakerfis og áningarstaðar á gönguleið frá bílastæði að sjávarhvernum.

Saxa á milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar er áhugaverður staður á fremur veiku svæði, hún er ekki „hver“ í hefðbundnum skilningi, heldur staður þar sem sjór „gýs“ í öldu, mikilfenglegar eftir því sem sjógangur er meiri. Verkefnið vekur athygli á hvernum, gerir fólki kleift að leggja á öruggan hátt, ganga stutta leið eftir fallegri strönd og njóta hversins frá öruggum stað. Verkefnið á því eftir að „opna“ fyrir nýjan ferðamannastað með sitt eigið náttúrlega aðdráttarafl.

8. Fjarðabyggð - Framkvæmdir við Fólkvang Neskaupstaðar.

Kr. 19.408.000.- styrkur til að bæta aðgengi ferðamanna að svæðinu og verja viðkvæma náttúru með frekari uppbyggingu innviða Fólkvangsins í Neskaupstað. Styrkurinn felst í því að gera áningarstað og bílastæði, þjónustuhús, göngustíg að útsýnisskífu og við hana og göngustíg að Páskahelli.

Fólkvangurinn við Neskaupstað er vinsælt útivistarsvæði sem hefur burði til að laða að sér fleiri ferðamenn. Verkefnið er mikilvægt, sérstaklega hvað varðar náttúruvernd og öryggi ferðamanna.

9. Fjarðabyggð - Hólmanes, lokaáfangi.

Kr. 8.232.000.- styrkur til að ljúka lokaáfangi í framkvæmdum á Hólmanesi samkvæmt deiliskipulagi. Sérstök áhersla er á að efla fræðslu á svæðinu með útikennsluáðstöðu, byggingu fuglaskoðunarhúss og þjónustuhúss.

Hólmanes er sérstakur og áhugaverður viðkomustaður á veiku svæði.

10. Fljótshérað - Stapavík gönguleið - Náttúruvernd og öryggi ferðamanna.

Kr. 5.154.000.- styrkur til að endurskoða gönguleiðina út að Stapavík. Verkefnið felur í sér hönnun og útfærslu, stikun gönguleiðar, uppsetningu brúa, útsýnispall, öryggishandrið, upplýsingaskilti og malarfyllingu á bílastæði.

Stapavík er áhugaverður staður fyrir náttúrufar og sögu. Útsýni er þar stórfenglegt og gönguleiðin á staðinn er ekki síðri. Verkefnið stuðlar að auknu öryggi, náttúruvernd og er til þess fallið að til verði nýr og fjölsóttur áfangastaður ferðafólks.

11. Fljótshreppur - Hengifoss - Frágangur göngustígs.

Kr. 4.039.000.- styrkurinn felst í frágangi á göngustíg þar sem loka þarf gömlum stígum, ganga frá köntum nýs stígs, vinna í grjóthleðslum og færa til steina á síðasta kaflanum. Einnig verður úrrennsli á nýjum stíg lagað.

Hengifoss er einn helsti ferðamannastaður Austurlands, sem þó er frekar veikt ferðmannasvæði. Göngustígar þurfa að vera til fyrirmyndar þar og ljúka þarf verki

sem þegar er hafið. Verkefnið er sérstaklega mikilvægt öryggismál og stuðlar einnig verulega að náttúruvernd.

12. Fljótsdalshreppur - Hengifoss - Fullnaðarhönnun húss og upplýsinga.

Kr. 10.996.000.- styrkur sem lýtur að fullnaðarhönnun á aðstöðuhúsi og nánasta umhverfi þess ásamt hönnun og gerð upplýsingaskilta sem komið verður fyrir í og við húsið og á völdum stöðum við göngustíg upp að Hengifossi.

Hengifoss er einn helsti ferðamannastaður Austurlands, sem þó er frekar veikt ferðmannasvæði. Aðstaða ferðamanna verður að vera til fyrirmyndar þar og ljúka þarf verki sem þegar er hafið. Verkefnið er sérstaklega líklegt til að auka aðdráttarafli staðarins en stuðlar einnig verulega að bættum innviðum. Metnaðarfullt verkefni á veiku svæði sem byggir á hönnun úr samkeppni sem styrkt var af Framkvæmdasjóðnum.

13. Garðabær - Búrfellsgjá - Úrbætur á gönguleið.

Kr. 7.230.000.- styrkur til að gera úttekt á ástandi stíga á Búrfellssvæðinu og vinna að lagfæringum á þeim til að bæta aðgengi, lágmarka slyshættu og draga úr gróðurskemmdum.

Hrauntröðin í Búrfellsgjá og gígurinn í Búrfelli búa yfir miklu aðdráttarafli ásamt þeim menningarminjum sem þar er að finna. Nú þegar leggja margir ferðamenn leið sína þangað og er verkefnið til þess fallið að auka öryggi þeirra og verja náttúru frekari skemmdum.

14. Grundarfjarðarbær - Ferðamannastaður við Kirkjufellsfoss.

Kr. 61.966.140.- styrkur til að gera nýtt bílastæði auk nýrrar gönguleiðar og áningarstað. Mikilvægt er að loka núverandi stæði og gönguleið til að lágmarka sjónræn áhrif á fossinn. Hönnun og gerð upplýsingarskilta.

Kirkjufellsfoss er einn af sjálfsprottnu ferðamannastöðunum sem orðið hafa til vegna breyttrar ferðahegðunar. Á örskotsstund varð þessi útsýnisstaður til Kirkjufells einn af þeim fjölsóttustu á landinu. Nauðsynlegt er að tryggja öryggi ferðamanna, byggja upp innviði og vernda náttúru á jafn mikilvægum stað og þessum.

Þar sem deiliskipulag vegna verkefnisins er í vinnslu er lagt til að styrkur verði veittur til þessa mikilvæga verkefnis þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir og eingöngu ef það hefur tekið gildi fyrir 28. maí 2018. Að öðrum kosti verði verkefnið ekki styrkt, styrkurinn fellur niður án frekari viðvarana og styrkfjárhæðin rennur aftur í sjóðinn til endurúthlutunar.

15. Grýtubakkahreppur - Þar sem vegurinn endar.

Kr. 27.044.400.- styrkurinn felst í gerð fallets áningarstaðar þar sem vegurinn endar við ysta haf og útsýni er hvað fallegast til mynnis Eyjafjarðar. Gert er ráð fyrir að áningarstaðurinn verði við hlið útgerðarminjasafnsins á Grenivík. Gerð verða bílastæði, settar upp snyrtingar, bekkir, útsýnisskífa og steinlagt fallett svæði með lítilli tjörn.

Áningarstaður við hlið útgerðarminjasafnsins sameinar styrkleika staðarins í einn heildstaðan áfangastað. Þar fléttast saman saga og menning við útsýni og sólarlag fjarðarins. Verkefnið styrkir Grenivík sem áfangastað og stuðlar að öryggi gesta.

16. Hafnarfjarðarkaupstaður - Seltún - áframhaldandi uppbygging.

Kr. 7.000.000.- styrkur til að bæta aðkomu og gönguleiðir og byggja upp salerni. *Seltún er afar fjölsóttur ferðmannastaður með viðkvæma en jafnframt varasama náttúru. Verkefnið stuðlar að verndun náttúru, eykur öryggi og bætir úr skorti á nauðsynlegum innviðum.*

17. Hrunamannahreppur - Hrunalaug, umhverfi og stígar.

Kr. 4.400.000.- styrkur til stígagerðar, frágangs á umhverfi kringum laugina, lagfæringar á hleðslum og gróðri. Þá verða gerðar endurbætur á kofa við laugina, timburverki í lofti og steypa í gólfi endurnýjað. *Þótt Hrunalaug sé lítil þá er hún mikilvægur og snotur ferðamannastaður sem gefur kost á upplifun náttúru og menningar í senn.*

18. Húnavatnshreppur - Þrístapar, aðkomusvæði, bílastæði, stígagerð, fræðsluskilti.

Kr. 57.000.000.- styrkur til að gera svæðið öruggt og aðgengilegt fyrir ferðamenn, útbúa bílastæði og göngustíg að aftökustaðnum að Þrístapa ásamt svæði með upplýsingaskiltum og fræðslu. Höggstokkurinn og öxin eru varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands en minningarsteinn er á staðnum. *Verkefnið er til að auka öryggi á stað sem gæti orðið vinsæll ferðamannastaður. Þar sem deiliskipulag vegna verkefnisins er í vinnslu er lagt til að styrkur verði veittur þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir og eingöngu ef það hefur tekið gildi fyrir 28. maí 2018. Að öðrum kosti verði verkefnið ekki styrkt, styrkurinn fellur niður án frekari viðvarana og styrkfjárhæðin rennur aftur í sjóðinn til endurúthlutunar.*

19. Húnaþing vestra - Kolugljúfur - bætt aðgengi og öryggi framhald.

Kr. 1.600.000.- styrkur til að bæta aðgengis- og öryggismál á viðkvæmu og hættulegu svæði sem er umhverfis gljúfrin. Markmið verkefnisins er að byggja upp fyrsta hluta göngustíga með nauðsynlegum búnaði í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag. *Kolugljúfur er einn mikilvægasti ferðamannastaður Norðurlands vestra. Afar mikilvægt er að tryggja vernd náttúru og auka öryggi ferðamanna á þessum stað sem býr yfir hrikalegri náttúru.*

20. Hvalfjarðarsveit - Glymur í Botnsdal.

Kr. 5.100.000.- styrkur til að bæta og viðhalda gönguleiðum upp að Glym og bæta aðkomuleiðir fyrir neyðarhjálp. *Gönguleiðir við Glym eru á erfiðu svæði, í brattlendi með mikilli hrun- og fallhættu. Verkefnið er mjög mikilvægt öryggisverkefni bæði hvað varðar lagfæringu á stígum og aðgengi fyrir viðbragðsaðila.*

21. Norðurþing - Bifröst- göngubrú að Heimskautsgerði.

Kr. 22.500.000.- styrkur til að byggja brú frá bílastæði að Heimskautagerðinu. Brúin Bifröst er hugsuð og hönnuð til að efla upplifun ferðafólks ásamt því að vernda náttúru svæðisins fyrir frekari ágangi.

Heimskautagerðið við Raufarhöfn er metnaðarfullt og áhugvert verkefni sem gæti með rétttri uppbyggingu orðið mikilvægur ferðamannasegull fyrir eitt veikasta ferðamannasvæði landsins. Verkefnið er eitt skref í þá átt.

22. Seyðisfjarðarkaupstaður - Göngustígur að Búðararfossi.

Kr. 14.391.840.- styrkur til að laga og endurbæta göngustíg upp að Búðararfossi á Seyðisfirði sem orðið hefur fyrir skemmdum. Stígurinn verður endurbættur og lega skoðuð með það að markmiði að bæta öryggi, auðvelda aðgengi og verja gróðurþekju.

Augljóst og mikilvægt náttúruverndar- og öryggisverkefni við fjölsóttan foss á Seyðisfirði.

23. Skaftárhreppur - Endurheimt mosapekju í Skaftáreldahrauni.

Kr. 1.100.000.- styrkur til að lagfæra óafturkræfar skemmdir á mosa í Skaftáreldahrauni sem hafa orðið af völdum ferðamanna. Mikið er um að ferðamenn fari út fyrir merкта göngustíga í hrauninu og eyðileggi um leið viðkvæman mosann. Í verkefninu verða lagfærðar þær skemmdir sem eru næst skipulögðum áningarstað. Um er að ræða nýja aðferð við flutning mosa.

Mjög áhugavert verkefni sem leysir stóran vanda vegna skemmda á viðkvæmum mosagróðri sökum álags af ferðamennsku.

24. Skagabyggð - Kálfshamarsvík sem áfangastaður.

Kr. 2.700.000.- styrkur til gerðar í deiliskipulag og hönnunar til uppbyggingar göngustíga.

Kálfshamarsvík hefur allt til að bera til að verða mikilvægur ferðamannastaður á frekar fásóttum Skaganum.

25. Skútustaðahreppur - Gönguleið og fræðsluskilti í Höfða í Mývatnssveit: aðgengi fyrir alla.

Kr. 9.057.491.- styrkur til að endurgera og bæta ferðamannastaðinn Höfða í Mývatnssveit. Tilgangurinn er að efla áningarstaðinn með aðgengi fyrir alla og sjálfbærni að leiðarljósi, auka aðdráttarafi utan háannatíma og létta á nærliggjandi ferðamannastöðum.

Vel undirbúið verkefni sem snýr að náttúruvernd og öryggismálum á fornfrægum ferðamannastað.

26. Snæfellsbær - Hellnar-Gróuhóll - skipulag og hönnun.

Kr. 2.600.000.- styrkur til skipulagsvinnu og hönnunar á aðkomu, bílastæðum, aðgengi og upplýsingagjöf auk þess sem gert er ráð fyrir kynningu á fyrirhugaðri uppbyggingu og verkefnisáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Einn mest sótti ferðamannastaðurinn á sunnanverðu Snæfellsnesi þar sem mikilvægt er að vel sé staðið að skipulagi bílastæða.

27. Sveitarfélagið Ölfus – Reykjadalur.

Kr. 13.700.000.- styrkur til áframhaldandi lagfæringa á stígum, merkinga á svæðinu og til að gera óverulega breytingu á deiliskipulagi sem staðsetur salernisaðstöðu.

Reykjadalur er líklega orðinn vinsælasti náttúruleg/lækur landsins með tilheyrandi álagi á göngustíga, lækjarbakka og hættu fyrir ferðamenn á hverasvæðum. Verkefni sem tengist náttúruvernd, öryggi og auknu aðgengi að vinsælli gönguleið.

28. Þingeyjarsveit - Endurbætur á umhverfi Goðafoss.

Kr. 74.000.000.- styrkur til að bæta aðgengi og auka öryggi ferðamanna, auk þess að vernda umhverfi Goðafoss. Verkefninu er að mestu lokið austan Skjálfandafljóts en nú er lögð áhersla á framkvæmdir vestan fljótsins, þ.e. gerð bílastæðis, útsýnispalls, göngustíga, upplýsingaskilta og fleira.

Einn allra mikilvægasti ferðamannastaðurinn á Norðurlandi eystra. Nauðsynleg framkvæmd vegna náttúruverndar og öryggismála. Lagt er til að mótframlag Þingeyjarsveitar verði fellt niður að beiðni umsækjenda.

Annað

1. Aurora Observatory - Aðkoma og kynning, gestastofa og norðurljósasýning í rannsóknarhúsinu að Kárhóli.

Kr. 15.000.000.- styrkur til að tryggja örugga aðkomu að Kárhóli og miðlun upplýsinga til allra er framhjá aka. Um er að ræða útskot við veg, upplýsingaskilti við útskot og göngustíg frá bílastæði að sýningarrými.

Afar áhugavert verkefni sem stuðlar að uppbyggingu nýs ferðamannastaðar sem nýtur aðdráttarafis og sérstöðu norðurljósanna og einstakrar samþættingu vísindastarfs og ferðamennsku

2. Gunnarsstofnun - Skriðuklaustur - uppbygging ferðamannastaðar.

Kr. 3.819.500.- styrkur til að byggja upp ferðamannastaðinn Skriðuklaustur skv. áætlun, viðhalda minjum miðaldaklausturs, búa til klausturgarð með jurtum og þrautabraut fyrir börn milli Gunnarshúss og Snæfellsstofu.

Áhugavert verkefni sem styrkir þekktan ferðamannastað á fremur veiku ferðamannasvæði með nýju aðdráttarafli. Hugmyndin er ný og fersk en byggir einnig á sögu og sérstöðu staðarins.

3. Reykjanes Geopark - Reykjanesviti - Betra aðgengi.

Kr. 12.839.200.- styrkur til þess að útbúa göngustíg upp Bæjarfell að Reykjanesvita. Horft verður til þess, með efnisvali o.fl., að stígurinn falli sem best að grænu Bæjarfellinu. Verkefnið mun bæta ásýnd Bæjarfellsins sem í dag er illa farið eftir umferð gangandi og akandi allt árið um kring.

Reykjanesviti er án vafa einn mikilvægasti ferðamannastaður landsins og aðgerðir í stígamálum nauðsynlegar.

4. Sauðfjársetur á Ströndum ses. - Náttúrubörn: Fuglastígur og fróðleiksmiðlun

Kr. 5.000.000.- styrkur til að leggja fuglastíg út Orrustutanga og gönguleið í fjöru að sagnahúsi á leið út á Langatanga. Í verkefninu felst einnig að laga bílastæði, smíða gönguhlið og miðla fróðleik með söguskiltum og merkingum.

Sauðfjársetur og náttúrbarnaskóli eru að slíta barnsskónum og færast úr tilraunastarfsemi yfir í ferðamannastað sem sameinar aðdráttarafl náttúru og menningar.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA

FF13 2018 - tillaga stjórnar að úthlutun styrkja eftir eðli umsækjanda

Áhugamannafélag		
Ferðamálafélagið Súðavíkurhreppi	Valgil - Waterfall Valley	1.000.000
Félag um listasafn Samúels	Hús Samúels	2.000.000
Fuglastígur á Norðausturlandi (FN)	Fuglastígur á Norðausturlandi: Bygging þriggja fuglaskoðunarskýla og hönnun skýlis til selaskoðunar	15.039.600
Hestamannfélagið Skuggi	Áningarhólf í Stangarholti við Langá	500.000
Hollvínafélag Geirstaðakirkju	Endurbætur á Geirstaðakirkju	839.000
Hollvínafélag Húna II	Landgangur	1.050.000
Kerlingarfjallavinir	Viðhald og lagfæring gönguleiða í Kerlingarfjölum	4.518.000
Rafstöðin, félagasamtök	Aðbúnaður ferðafólks og gesta	3.984.000
Skógræktarfélag Reykjavíkur	Bætt aðgengi að útivistarsvæðum í Esjuhlíðum	9.100.000
Skógræktarfélag Reykjavíkur	Esjustígur - Göngustígar að Steini	7.060.000
10		45.090.600

Fyrirtæki		
Herðubreið	Herðubreið- Almenningsallerni, aðgengi og bílastæði á fjölsóttum ferðamannastað.	22.400.000
Húsafell Resort	Gönguleiðanet á Húsafelli: Annar áfangi	7.000.000
Kakalaskáli ehf.	Lokaáfangi í uppbyggingu Kakalaskála	3.700.000
Óbyggðasetur ehf.	Uppbygging sjálfbærrar ferðaþjónustu á köldu og minna sóttu svæði allt árið	21.858.237
Selasetur Íslands	Selaskoðunarstaður á Flatnefsstöðum	3.156.750
Þekkingarsetur Vestmannaeyja	Pysjupallur og áningastaður	4.000.000
Pingeyraklausturskirkja	Pingeyraklausturskirkja - deiliskipulag - aðkoma, bílastæði og stígakerfi	2.578.200
Æðavarp ehf.	Æðavarp ehf. Illugastöðum	2.765.000
8		67.458.187

Landeigandi/landeigendafélag		
Alda Jónsdóttir	Áningarstaður ferðamanna í Fossárvík - deiliskipulag	4.887.488
Alda Jónsdóttir	Áningarstaður ferðamanna í Fossárvík - Stígakerfi við Fossá	4.000.000
Alda Jónsdóttir	Áningarstaður ferðamanna í Fossárvík - Brú yfir Fossá við Miðásgljúfur	5.000.000
Brynjar Sigurðsson	Faxi, umhverfi, aðgengi	2.000.000
Efri-Reykir ehf.	Brúarfoss, gönguleið, umhverfi	2.600.000
Jökuldalur slf.	Stuðlagil - Uppbygging og bætt öryggi fyrir ferðamenn.	8.700.000
6		27.187.488

Sveitarfélag		
Akraneskaupstaður	Vitastígur á Breiðinni	11.120.000
Blönduósbær	Hrútey, gamla Blöndubrúin frá 1897 gerð að göngubrú	32.000.000
Bolungarvíkurkaupstaður	Hönnun útsýnispalls á Bolafjalli	2.800.000
Bolungarvíkurkaupstaður	Tjaldsvæði í Skálavík	11.333.500
Borgarfjarðarhreppur	Bátahöfnin við Hafnarhólma - bygging þjónustuhúss	76.800.000
Dalvíkurbyggð	Áningarstaður við Hrisatjörn	45.391.400
Fjarðabyggð	Áfangi II við Söxu	7.268.800
Fjarðabyggð	Framkvæmdir við Fólkvang Neskaupstaðar	19.408.000
Fjarðabyggð	Hólmanes, lokaáfangi	8.232.000
Fljótsdalshérað	Stapavík gönguleið - Náttúruvernd og öryggi ferðamanna	5.154.000
Fljótsdalshreppur	Hengiðfoss - Fullnaðarhönnun húss og upplýsinga	10.996.000
Fljótsdalshreppur	Hengiðfoss - Frágangur göngustígs	4.039.000
Garðabær	Búrfellsgjá - Úrbætur á gönguleið	7.230.000
Grundarfjarðarbær	Ferðamannastaður við Kirkjufellsfoss	61.966.140
Grytubakkahreppur	Þar sem vegurinn endar	27.044.400
Hafnarfjarðarkaupstaður	Seltún - áframhaldandi uppbygging	7.000.000
Hrunamannahreppur	Hrunalaug, umhverfi og stígar	4.400.000
Húnavatnshreppur	Prístapar, Aðkomusvæði, bílastæði, stígagerð, fræðsluskilti.	57.000.000
Húnaþing vestra	Kolugljúfur - bætt aðgengi og öryggi framhald.	1.600.000
Hvalfjarðarsveit	Glymur í Botnsdal	5.100.000
Norðurþing	Bifröst - göngubrú að Heimskautsgerði	22.500.000
Seyðisfjarðarkaupstaður	Göngustígur að Búðarárfossi	14.391.840
Skaftárhreppur	Endurheimt mosaþekju í Skaftáreldahrauni	1.100.000
Skagabyggð	Kálfshamarsvík, sem áfangastaður	2.700.000
Skútustaðahreppur	Gönguleið og fræðsluskilti í Höfða í Mývatnssveit: Aðgengi fyrir alla	9.057.491
Snæfellsbær	Hellnar-Gróuhóll - skipulag og hönnun	2.600.000
Sveitarfélagið Ölfus	Reykjadadalur	13.700.000
Pingeyjarsveit	Endurbætur á umhverfi Goðafoss	74.000.000
28		545.932.571

Annað		
Aurora Observatory	Aðkoma og kynning, Gestastofa og Norðurljósasýning í Rannsóknarhúsinu að Kárhóli	15.000.000
Gunnarsstofnun	Skriðuklaustur - uppbygging ferðamannastaðar	3.819.500
Reykjanes Geopark	Reykjanesviti - Betra aðgengi	12.839.200
Sauðfjársetur á Ströndum ses	Náttúrubörn: Fuglastígur og fróðleiksmiðlun	5.000.000
4		36.658.700